



## Námskeið fyrir aðila í ferðaþjónustu

### SASS í samstarfi við Sponta stendur fyrir námskeiði fyrir aðila sem starfa í ferðaþjónustu

Fjallað verður um hagnýtar markaðsaðgerðir, virkni Tripadvisor.com og Facebook. Að námskeiði loknu munu þátttakendur hafa skýr svör við eftirfarandi spurningum:

- Hverjar eru mikilvægustu markaðsaðgerðirnar fyrir mitt fyrirtæki?
- Á hverju byggja aðgerðir sem eru bæði einfaldar og áhrifamiklar?
- Hvernig finn ég tíma til að sinna markaðsmálum?

Markmiðið er að þátttakendur geti strax byrjað að auka sýnileika sinn á netinu, með áherslu á þær umsagnir sem viðskiptavinir veita þeim m.a. Tripadvisor.com

Námskeiði stendur yfir í 6 vikur og hefst þriðjudaginn 7. október með fjarnámi sem undirbúningur fyrir vinnustofu. Þátttakendur fá vikulega send kennslumyndbönd og verkefnablöð. Kennari er Helgi Þór Jónsson, kerfisfræðingur og markþjálfari

#### Innifalið í námskeiðinu

- 4 kennslumyndbönd full af fróðleik
- 4 heimaverkefni (ca. 0,5-2 tíma ástundun á viku)
- Hnitmiðuð handbók sem þú sníður að þínu fyrirtæki
- Stuðningshópur á Facebook
- Þjálfun og æfingar á vinnustofum í grennd við þig:
  - Vík í Mýrdal fimmtudaginn 6. nóvember kl. 13-17
  - Höfn í Hornafirði miðvikudaginn 12. nóvember kl. 13-17
  - Selfossi fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13-17

#### Skráningu lýkur 2. október. Takmarkaður sætafjöldi.

Námskeiðsgjaldið er niðurgreitt af SASS og er því einungis 7.500 kr. Allar nánari upplýsingar og skráning á slóðinni <http://bit.ly/meirisala> eða á skrifstofu SASS, sími 480 8200